

verið upp í málinu, verður ekki tekin til greina, en honum veitist 3 vikna frestur til þess að sækja málið í aðalefninu.

Nr. 13/1882

Rjettvísni

gegn

Sveini Sveinssyni.

Dómur:

Rannsókn og meðferð þessa máls er mjög svo ábótavant af hendi undirdómarans.

- 1, bera prófsgjörðirnar með sjer, að hinn ákærði alltaf hefur verið viðstaddur við yfirheyrslu þeirra vitna, sem leidd hafa verið undir rannsókn málsins til að gefa skýrslu um atferli hans við ýms tækifæri;
- 2, sjest ekki á prófunum, að hinn ákærði hafi sjálfur verið reglulega yfirheyrður og látinn gefa greinilega skýrslu um atriði þau, sem vitnin hafa borið um. Þannig hefur hinn ákærði ekki verið látinn gefa neina skýrslu fyrir rjettinum um það, hvernig það atvikaðist, að hann bar heim til sín bor þann, sem honum er gefið að sök að hafa stolið við uppboðið á skipinu Viva, og í hvaða skyni hann hafi borið hann heim til sín; sömuleiðis vantar skýrslu hans um, hvar hann hafi tekið suðvesti það, sem hann brúkaði, en annar maður lýsti eign sína, og í hvaða skyni hann hafi tekið það, og yfirhöfuð vantar skýrslu hins ákærða um öll þau atvik, sem hjer eru gjörð að rannsóknar og málshöfðunarefni;
- 3, vantar allar upplýsingar um, hvers virði þeir munir

- hafi verið, sem hinum ákærða er gefið að sök að hafa tekið ófrjálsri hendi;
- 4, vantar hegningarfottorð fyrir hinn ákærða úr Norðurmúlasýslu, þar sem hann þó eptir prófunum hefur dvalið í mörg ár og um hegningarfottorð það sem innfært er í dómsgjörðirnar, og líklega á að vera úr Suðurmúlasýslu, sjest ekki hvar, eða hvenær eða af hverjum það er gefið út;
- 5, hefur enginu af heimafólki hins ákærða verið tekið í próf, — því prófið yfir Jóhanni syni hans er sama sem ekkert próf —, sem þó hefði verið nauðsynlegt, ekki sízt að því er snerir saltfisk þann með annars manns marki, sem á að hafa sjezt í vörslum hans;
- 6, er málið samkvæmt stefnunni höfðað gegn hinum ákærða í rjettvísinnar nafni fyrir „óráðvendni og þjófnaðargrun“, en ekki fyrir nein tiltekin afbrot eða verknað;
- 7, hefur undirdómarinn dæmt hinn ákærða fyrir þjófnað, án þess að til greina, undir hvaða laga-greininir í hegningarlögunum atferli hans ætti, og það þó öll atvik lúti að því að munir þeir, sem hann á að hafa kastað eign sinni á, hafi verið í vörslum hans áður en hann kastaði eign sinni á þá, enda sjest ekki ljóslega á dómnum, hvort hinn ákærði er sakfeldur fyrir fleira en tókuna á bor og suðvesti, eða ekki.
- Sökum þeirra galla, sem þannig eru á rannsókn og meðferð máls þessa, verður ekki komizt hjá að dæma undirdóminn ómerkan og að visa málinu heim aptur til ýtarlegri rannsóknar og, ef ákæru-

valdinu lízt svo, til nýrrar málshöfðunar og dóms áleggingar, allt á kostnað undir dómaraans.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn í máli þessu á ómerkur að vera, og vísast málinu heim aptur til ýtarlegri rannsóknar og, ef ákæruvaldinu lízt svo, til nýrrar málshöfðunar og dóms áleggingar, allt á kostnað undirdómarans.

Mánudaginn 25. septembermán.

Nr. 12/1882

Sigfús Pjetursson

gegn

Stefáni Hafliðasyni

Úrskurður:

Hinn löggilti talsmaður hins stefnda, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, hefur beiðzt þess, að frestur sá, er honum var veittur þá er málið fjell í rjett, hálfur mánuður, verði lengdur um 12 vikur, svo að hann geti útvegað heiman úr hjeraði nýjar skýringar í málinu fyrir hönd umbjóðanda síns, eða, ef honum ekki getur veitst svo langur frestur, þá um viku lenging á frestinum. Talsmaður áfrýjandans hefur mótmælt öllum fresti í málinu, og sjerstaklega mótmælt því, að Jón landshöfðingjaritari Jónsson sje tekinn gildur sem talsmaður hins stefnda, með því að hann ekki hafi lagt fram neitt umboðsskjal frá hinum stefnda til að mæta af hans hendi í málinu, en krafizt, að málið verði dæmt í því ástandi, sem það nú er.